



**Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 3. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.*

Einföldun í gjalddöku af hálfu hins opinbera er ávallt af hinu góða þó það sé álit ráðsins að slíkri gjalddöku eigi ávallt að halda í algjöru lágmarki. Þannig verða gjöld af þessu tagi að endurspegla þann kostnað sem viðkomandi stofnun verður fyrir við veitingu þjónustunnar. Ráðið sér ekki að hvaða leyti þjónusta við veitingu leyfisbréfs til handa viðskiptabanka sé á einhvern hátt umfangsmeiri og þ.a.l. kostnaðarsamari heldur en veiting leyfisbréf til handa rekstrarfélagi verðbréfasjóða.

Leggur ráðið því til að umrædd gjaldtaka verði að fullu samræmd þannig að útgáfa leyfisbréfa til handa fjármálafyrirtækjum takmarkist við 55.000 kr. þjónustugjald eða þaðan af lægra.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur jafnframt til að gjaldtaka verði samræmd sbr. framangreint.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs